



## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

### *Fréttatilkynning*

Nr.: 26/2008

Efni: **Staðgreiðsluhlutfall opinberra gjalda og persónuafsláttur fyrir árið 2009**

Staðgreiðsluhlutfall, persónuafsláttur fyrir árið 2009 og útsvarshlutfall sveitarfélaga 2008-2009.

#### **1. Staðgreiðsluhlutfall**

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármálaráðuneytið árlega staðgreiðsluhlutfall opinberra gjalda fyrir komandi ár, en það er samtala af tekjuskatthlutfalli samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfalli útsvars samkvæmt ákvörðunum sveitarfélaga á grundvelli laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga

Nýverið voru samþykkt á Alþingi lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum í ljósi versnandi afkomu hins opinbera vegna þess mikla samdráttar sem nú blasir við í íslensku efnahagslífi. Meðal þeirra ráðstafana var hækkun á tekjuskatthlutfalli einstaklinga úr 22,75% í 24,1% og á hámarkshlutfalli útsvars úr 13,03% í 13,28%.

Á árinu 2009 verður tekjuskatthlutfallið því 24,1% í stað 22,75% á yfirstandandi ári. Þá verður meðalútsvar á árinu 2009 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarfélaga 13,11% en var 12,97% á árinu 2008. Staðgreiðsluhlutfall ársins 2009 verður samkvæmt því 37,2% í stað 35,72% á þessu ári og hækkar samkvæmt því um 1,48 prósentustig milli ára.

Sveitarfélögin geta ákveðið útsvar á bilinu 11,24% til 13,28%. Af 78 sveitarfélögum leggja 54 þeirra á hámarksútsvar, þar af nýtir eitt þeirra sérstakt 10% álag sem þýðir að útsvarshlutfallið verður 14,61%. Þrjú sveitarfélög leggja á lágmarksútsvar. Eitt sveitarfélag hefur ákveðið að lækka útsvarshlutfallið frá því sem var á þessu ári, en 58 munu hækka það.

#### **2. Persónuafsláttur**

Í lok árs 2006 var samþykkt sú breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, að persónuafsláttur skuli endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2008. Samkvæmt A-lið 67. gr. laganna skal fjárhæð persónuafsláttar í upphafi hvers árs breytast í takt við breytingu á vísitölu neysliverðs yfir næstliðið tólf mánaða tímabil. Nú liggur fyrir mæling Hagstofu Íslands á vísitölu neysliverðs fyrir desembermánuð 2008 sem reyndist vera 332,9 stig samanborið við 281,8 stig í desember 2007.

Hækkunin milli ára nemur samkvæmt því 18,1%.

Í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 2008 ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir ýmsum aðgerðum á sviði skattamála til að stuðla að auknum jöfnuði í íslensku samfélagi. Meðal þeirra aðgerða var sérstök hækkun á persónuafslætti í þremur áföngum. Var sú hækkun lögfest síðastliðið vor. Fyrsti áfanginn kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2009 þegar persónuafslátturinn hækkar sérstaklega um 2.000 krónur á mánuði, eða samtals 24.000 krónur á ári til viðbótar þeirri hækkun sem hlýst af af hækkun vísitölu neysluverðs.

Það þýðir að á árinu 2009 verður persónuafsláttur hvers einstaklings 506.466 krónur, eða 42.205 krónur að meðaltali á mánuði í stað 34.034 króna, sbr. árið í ár. Hækkunin milli ára nemur samtals 24%.

### **3. Skattleysismörk**

Hlutfallsleg hækkun persónuafsláttar umfram hlutfallslega hækkun tekjuskatts og útsvars leiðir til umtalsverðrar hækkunar í skattleysismörkum einstaklinga. Í dag eru skattleysismörkin liðlega 99 þús.kr á mánuði en verða 118 þús.kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2009 (að teknu tilliti til 4% lífeyrissjóðsiðgjalds). Hækkunin nemur 19,1%. Þetta þýðir svo dæmi sé tekið að skattgreiðslur einstaklings með 250 þús. kr. mánaðarlaun lækka um 4.600 kr. á mánuði eða tæp 2%.

Reykjavík 31. desember 2008